



Fundargerð

Mánudaginn 29. júní 2020 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Péturína L. Jakobsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Sigurgeir Þór Jónasson. Auk þess sátu fundinn: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri og Alexandra Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga bs. sem unnin var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor ehf. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu 224,8 millj. árið 2019 en voru 204,7 millj. árið 2018 og höfðu því hækkað um 9,8% á milli ára. Rekstrargjöld námu 198,1 millj. og fjármagnsgjöld 4 millj. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 22,7 millj. í samanburði við 0,1 millj. jákvæða niðurstöðu 2018. Handbært fé nam 28,4 millj. í árslok og hafði hækkað um 18 millj. milli ára. Stjórn yfirfór ársreikning og samþykkti hann síðan og undirritaði.

2. Staða framkvæmda

Stjórn fór yfir þá verkþætti sem eru í vinnslu og áætlað er að ljúka á fjárhagsárinu. Fram kom að öllum framkvæmdum við Hnitbjörg og Sæborg hafi verið slegið á frest vegna Covid-19 en áætlað væri að byrja þó í sumar. Þá kom fram að framkvæmdastjóri hafi átt samtali við verktaka vegna endurmats kostnaðar við endurbætur á íbúðum við Hnitbjörg og að niðurstöður úr því samtali þurfi að liggja fyrir áður en ráðist verði í framkvæmdir við næstu íbúð.




3. Skýrsla fræðslustjóra

Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri gerði grein fyrir helstu atriðum í rekstri og horfum varðandi starf fræðsluskrifstofu. Var skýrsla flutt munnlega og til kynningar.

4. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og fundi slitið kl.16:50


Jón Gíslason


Péturína L. Jakobsdóttir


Dagný Rósa Úlfarsdóttir


Sigurgeir Þór Jónasson


Alexandra Jóhannesdóttir